



Landsréttur

b.t. Hervarar Þorvaldsdóttur, forseta Landsréttar/

Ernu S. Sigurðardóttur, skrifstofustjóra

Vesturvör 2

200 Kópavogur

Sent rafrænt

Reykjavík, 24. júní 2025

Viðmiðunarreglur Landsréttar um fjarverutilkynningar málflytjenda og röðun mála á dagskrá

Lögmannafélag Íslands (LMFÍ) vísar til ofangreindra viðmiðunarreglna Landsréttar sem birtar hafa verið á heimasíðu réttarins og kynntar hafa verið félagsmönnum LMFÍ.

Samkvæmt 2. gr. reglnanna, verði ekki hjá því komist er málflytjendum heimilt að tilkynna Landsrétti um fjarveru á nánar tilteknunum dögum á tímabilinu janúar til júní annars vegar og september til desember hins vegar. Slíkar tilkynningar mega að hámarki taka til sjö virkra daga á hvoru tímabili. Tilkynna þarf um fjarveru eigi síðar en 1. júní ár hvert fyrir tímabilið september til desember og 1. nóvember fyrir tímabilið janúar til júní. Hafi málflytjandi ekki tilkynnt um fjarveru verður tímasetningu aðalmeðferðar ekki breytt vegna fjarveru málflytjenda nema um sé að ræða skyndileg lögmæt forföll í skilningi réttarfarslaga. Í 3. gr. segir að aðalmeðferð sem boðað hefur verið til í Hæstarétti gengur framar aðalmeðferð í Landsrétti og aðalmeðferð í Landsrétti gengur framar aðalmeðferð sem boðuð hefur verið í heraði. Í 4. gr. reglnanna kemur fram að við röðun mála á dagskrá Landsréttar er ekki tekið tillit til aukastarfa málflytjenda, þ.m.t. nefndarstarfa og kennslu, nema tilkynnt hafi verið um fjarveru tengda þeim í samræmi við 2. gr. og tilkynningin rúmist innan þess dagafjölda sem þar greinir. Samkvæmt 5. gr., sem snýr að Landsrétti, skal forðast að raða málum á dagskrá Landsréttar þannig að málflytjandi sé í aðalmeðferð two daga í röð eða fleiri. Þá er í 6. gr. tiltekið að í nánar tilgreindum málum þar sem hraða ber meðferð máls er ekki tekið tillit til fjarverutilkynninga málflytjenda samkvæmt 2. gr.

LMFÍ hefur skilning á því að vissrar festu verði að gæta við niðurröðun mála og ákvörðun dagskrár áfrýjunardómstóls, meðal annars í þágu skilvirknissjónarmiða. LMFÍ bendir hins vegar á, að ef dagskrá Landsréttar yrði birt með umtalsvert meiri fyrirvara en nú er, svo sem fyrir 1. júní vegna haustsins og fyrir 1. september vegna vorsins, mætti yfirstíga mörg þeirra vandamála sem reglurnar kunna að öðrum kosti að leiða af sér og virðast tilefni setningar þeirra. Þess er eindregið óskað að tekið verði alveg sérstakt tillit til þessarar ábendingar.

Þó nokkrir félagsmenn hafa komið á framfæri gagnrýni við LMFÍ vegna viðmiðunarreglnanna. Meðal helstu sjónarmiða sem komið hefur verið á framfæri má nefna eftirfarandi:

- Dagskrá Landsréttar þurfi að birta með umtalsvert meiri fyrirvara en nú er (sbr. að ofan);
- Starfsdagar, vetrarfrí og aðrir skertir dagar í grunn- og leikskólum myndu að óbreyttu vera álíka margir og hámarksdagafjöldi sem lögmaður getur tilkynnt um;
- Skortur á sveigjanleika geti bitnað á möguleikum lögmannna til endurmenntunar, þ. á m. að sækja ráðstefnur erlendis eða námskeið innanlands, en á lögmönum hvílir skylda til að viðhalda fræðilegri þekkingu sinni, sbr. ákvæði 40. gr. a. í siðareglum lögmannna;
- Skortur á sveigjanleika er ekki í samræmi við almenna þróun á vinnumarkaði;
- Ekki eigi að gera ráð fyrir að lögmaður flytji fleiri en eitt mál sömu vikuna í Landsrétti;
- Við sérstakar aðstæður geti verið eðlilegt að taka tillit til niðurröðunar mála í héraði, svo sem ef dagsetning aðalmeðferðar er þegar ákveðin og búið að kalla til mörg vitni o.p.h. með tilheyrandi umstangi;
- Eðlilegt sé að taka tillit til tilkynntra fjarvista við niðurröðun dagskrár þótt mál lúti sérstökum málshraða, leiði slíkt ekki til óásættanlegra tafa á máli;
- Sérstakar aðstæður geti kallað á lengri ferðir erlendis, t.d. stórafmæli, ferðir útskriftarárganga, lýðheilsuferðir, ferðir á fjarlægari slóðir (svo sem á vegum Lögræðingafélagsins), fylgd með börnum á íþróttamót, o.p.h.

LMFÍ leyfir sér að taka undir framangreint. Virðist jafnframt gæta umtalsvert meira svigrúms við ákvörðun aðalmeðferða í héraðsdómi og munlegan málflutning í Hæstarétti, samanborið við það sem viðmiðunarreglurnar leiða af sér.

LMFÍ bendir á, þ. á m. í tengslum við framangreindar ábendingar, að reglurnar eru til þess fallnar að koma niður á fjölskylduábyrgð lögmannna. Hafa þarf í huga að starfsdagar í leik- og grunnskólum eru árlega 5-8 auk þess sem haust- og vetrarfrí eru á hverju skólaári um 5 dagar. Þá eru jafnan skertir dagar þar sem fram fara foreldraviðtöl, tvísvar á hverju skólaári, auk skólastningar og skólaslita. Það er því ljóst að hámarks dagafjöldi sem lögmann geta tilkynnt til Landsréttar er sambærilegur þeim dagafjölda sem lögmann með börn í leik- og grunnskólum geta þurft að taka sér frí vegna barna sinna, eins og áður er nefnt. Ekki búa allir

svo vel að eiga maka eða bakland sem getur aðstoðað. Framangreindur dagafjöldi getur aukist þegar börn eru t.d. á mismunandi skólastigum.

Lögmenn og lögmannsstofur sem vinnuveitendur eru bundin af lögum og reglum vinnumarkaðarins og þurfa að skapa starfsfólki sínu, þ. á m. lögmönnum sem flytja mál fyrir Landsrétti, viðunandi starfsumhverfi. Vinnuveitendum er til að mynda óheimilt að segja upp starfsfólki vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, sbr. lög nr. 27/2000 um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna. Þá má nefna lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla en þar er í 21. gr. kveðið á um skyldu atvinnurekenda að gera „nauðsynlegar ráðstafanir“ til að gera „konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu“. Er þetta í samræmi við greinargerð þá sem fylgdi lögunum en þar segir:


Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs er mikilvæg forsenda jafnréttis. Sú skylda er lögð á atvinnurekendur í gildandi lögum að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanirnar eiga m.a. að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa atvinnulífs og fjölskylduástæðna starfsmanna. Mikilvægt er að atvinnurekendur komi til móts við starfsmenn sína, bæði konur og karla, að þessu leyti og geri þeim kleift að samræma betur fjölskyldu- og atvinnulíf. Liður í þeirri samræmingu væri t.d. að setja ákvæði þess efnis í framkvæmdaáætlun, sem fylgir jafnréttisáætlun fyrirtækja eða stofnana, sem endurskoðuð yrði reglulega þannig að unnt yrði að staðreyna hvort takmarkinu væri náð.

Starfshópur sem stjórn LMFÍ skipaði um starfsumhverfi lögmanna sendi fyrirspurn til dómstólaráðs haustið 2016 þar sem spurt var hvort dómstólaráð hefði tekið til skoðunar eða mótað afstöðu til starfsumhverfis lögmanna m.t.t. fjölskylduábyrgðar. Í svari dómstólaráðs í nóvember 2016 kom fram að slíkt hefði ekki verið tekið til skoðunar. Hins vegar kom fram að ráðið hefði ásamt héraðsdómstólunum mótað sér stefnu og markað framtíðarsýn um starfsemina og mannauðinn sem dómstólarinn sjálfir hafa að geyma. Einn liður stefnunnar laut að góðu starfsumhverfi þar sem lögð var áhersla á að starfsmönnum yrðu skapaðar aðstæður til þess að samræma þær skyldur sem starfið og fjölskyldan leggur á herðar þeim. Af þessum svörum er ljóst að dómstólaráð var meðvitað um mikilvægi þess að skapa starfsmönnum gott starfsumhverfi með fjölskylduábyrgð í huga.

Hefur réttarfarslögum síðan verið breytt og frestir til skila á greinargerðum lengdir ef skil hitta á sumarfrí eða jólafrí. Kom þar fram vilji löggjafans til að auka sveigjanleika og bæta starfsaðstæður lögmanna.

LMFÍ bendir á, í tengslum við ofangreinda umfjöllun, að það hefur verið áhyggjuefni um nokkurt skeið að hlutfall kvenkyns lögmanna er mun lægra en karlmannna en konur eru um þriðjungur af lögmönnum. Hlutfall kvenkyns lögmanna hefur staðið í stað í lengri tíma þrátt fyrir að konur hafi á sama tíma verið í meirihluta þeirra sem útskrifast úr lagadeildum háskólanna. Skortur á sveigjanleika vegur þar vafalaust þungt.

LMFÍ telur tilefni til að endurskoða reglurnar að gættum fram komnum sjónarmiðum. Minnt skal á, að með því að dagskrá Landsréttar yrði birt umtalsvert fyrr myndi fjarvistartilkynningum lögmanna fækka verulega og þeir ættu hægar um vik með að skipuleggja sig í kringum dagskrá Landsréttar.

Virðingarfyllst,
f.h. Lögmannafélags Íslands,

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri